



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. maí 2016

Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um útlendinga og breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, 728. mál.

Vísað er til frumvarps til nýrra heildarlaga um útlendinga og breytinga á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, sbr. þingskjal 1180. Samtök iðnaðarins hafa um nokkra hríð talað fyrir breytingum á útlendingalöggjöfinni út frá sjónarhóli atvinnulífsins sem hafa mikla hagsmuni af því að nýta krafta erlendra sérfræðinga á íslenskri grundu. Samtökin fagna því fyrirbyggjandi frumvarpi og telja að það feli í sér mikilvægar breytingar á núverandi kerfi sem mun liðka fyrir komu erlends vinnuafis til landsins. Má í því skyni nefna eftirfarandi breytingar frumvarpsins;

- Nýtt ákvæði um forgangs- og flýtiafgreiðslu umsókna um dvalarleyfi, sbr. 53. gr., sem leysir af hólmi undanþáguheimild um forgangsaufgreiðslu enda stuðlar það að hraðara, gagnsærra og skilvirkara ferli en nú þekkist við afgreiðslu umsókna um forgangs- og flýtiafgreiðslu.
- Fallið frá þeirri kröfu að húsnæði sé tryggt þegar við umsókn um dvalarleyfi, sbr. 55. gr.
- Erlendum sérfræðingi (61. gr.) og sérhæfðum starfsmanni á grundvelli samstarfs-eða þjónustusamnings (64. gr.) heimilt að vera á landinu þegar sótt er um dvalarleyfi, sbr. c-liður 1. mgr. 51. gr.
- Auknar heimildir Vinnumálastofnunar til að veita sérfræðingi heimild til að hefja störf hérlendis á meðan afgreiðslutíma umsóknar stendur, sbr. f-liður 13. tölul. 122. gr.
- Lengdur sá tími sem tilteknir útlendingar skv. 23. gr. laga nr. 97/2002 eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi, sbr. a-liður 16. tölul. 122. gr.

Það er þó ljóst að reglugerðarheimildir ráðherra eru nokkuð víðtækar og er því í mörgum tilvikum eftir að útfæra nánari reglur, til að mynda um kröfur til umsókna um dvalarleyfi, sbr. 52. gr., og um framkvæmd forgangs- og flýtiafgreiðslu umsókna um dvalarleyfi, sbr. 53. gr. Mikilvægt er að SI taki þátt í þeirri vinnu og þess sé gætt að sú skilvirkni og sá sveigjanleiki sem frumvarpið gerir ráð fyrir haldi sér.

Stefna stjórnvalda er að laða til landsins erlenda sérfræðinga með nauðsynlega þekkingu á þeim sviðum sem íslenskt vinnuafli býr ekki yfir. Auk þess er að byggjast upp öflugur iðnaður á Íslandi þar sem atvinnutækifæri eru mikil, bæði fyrir innlenda sem erlenda starfsmenn. Þessi iðnaður er að vaxa hratt og er fyrirsjáanlegt að íslenskt starfsfólk muni ekki getað mannað þær stöður til framtíðar. Með hliðsjón af þessu hafa Samtök iðnaðarins nokkrar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins sem að mati samtakanna eru ekki í takt við stefnu stjórnvalda.



I. Aukið hagræði fyrir erlenda sérfræðinga

Samtök iðnaðarins fagna þeim breytingum frumvarpsins sem gera ráð fyrir auknu hagræði við komu erlendra sérfræðinga og fjölskyldu þeirra til landsins. Samtökin telja þó að gera megi enn betur, þá sér í lagi varðandi atvinnuleyfi maka og lengingu á gildistíma atvinnu- og dvalarleyfis erlendra sérfræðinga.

Atvinnuleyfi maka

Það hefur verið talsvert í umræðunni tengt erlendum sérfræðingum að makar þeirra, sem er oft á tíðum velmenntað fólk, eiga erfitt með að fá atvinnu í landinu. Er atvinnuleysi þeirra nokkuð algengt og ein helsta hindrunin, að þeirra mati, er sú að þeir eru ekki komnir með atvinnuleyfi sjálfir þegar þeir að sækja um vinnu og standa því ekki jafnfætis öðrum við atvinnuleit. Sé það stefna stjórnvalda að bjóða erlendum sérfræðingum upp á það að vera með fjölskyldur sínar í landinu þarf að taka tillit til þessa sjónarmiðs og auka atvinnumöguleika maka, að þessu leyti.

Samtök iðnaðarins leggja því til að útfærð verði í þessu lagafrumvarpi leið sem tryggir að maki fái vilyrði fyrir atvinnuleyfi sem gæti síðan verið staðfest þegar atvinnurekandi hefur ákveðið að ráða viðkomandi.

Gildistími atvinnu- og dvalarleyfis erlendra sérfræðinga

Samkvæmt könnun SI og fleiri aðila meðal fyrirtækja og stofnana um erlenda sérfræðinga kom í ljós að um 82% erlendra sérfræðinga eru ráðnir til 3-5 ára. Í 2. mgr. 61. gr. og b-lið 4. tölul. 122. gr. frumvarpsins er hins vegar einungis gert ráð fyrir að atvinnu- og dvalarleyfi sé veitt til tveggja ára en heimilt sé að endurnýja leyfið í allt að tvö ár í senn.

Þrátt fyrir að hér sé búið að rýmka nokkuð og auka hagræði þá hvetja samtökin nefndina til að koma til móts við þarfir atvinnulífsins að þessu leyti og hafa gildistímamann 3-5 ár.

Samtökin leggja því til að heimilt sé að veita atvinnu- og dvalarleyfi til þriggja ára en við endurnýjun sé heimilt að veita leyfi til allt að tveggja ára í senn. Er augljóst hagræði fólgið í slíkri breytingu, bæði hjá atvinnurekendum og stjórnvöldum.

II. Órökstudd takmörkun á dvalar- og atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki

Einstaklingar sem koma til landsins og starfa á grundvelli dvalar- og atvinnuleyfis sem byggist á skortstöðu í viðkomandi grein eiga ekki möguleika á því að fá ótímabundið dvalarleyfi, sbr. 5. mgr. 62. gr. frumvarpsins. Samtök iðnaðarins þekkja dæmi þess að frábært starfsfólk, sem hefur myndað tengsl við samfélagið og fyrirtækin sem þau vinna fyrir, hafi þurft að fara úr landi vegna þess þrátt fyrir áframhaldandi skort í greininni. Þurfa þá viðkomandi einstaklingar að dveljast erlendis í tvö ár samfelld áður en þeim er gert kleift að fá atvinnuleyfi að nýju, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 97/2002. Jafnframt er girt fyrir þann möguleika að starfsfólkið geti fengið til sín fjölskyldur sínar á grundvelli fjölskyldusameiningar, sbr. 69. gr. frumvarpsins.

Framangreindar takmarkanir eru að mati samtakanna á skjön við stefnu stjórnvalda um bætt starfsskilyrði fyrirtækja þar sem þetta leiðir einfaldlega til þess að fyrirtæki geta ekki haldið góðu og áhugasömu starfsfólki, kjósi þau svo, heldur þurfa í sífellu að flytja inn nýtt starfsfólk með tilheyrandi kostnaði og tíma. SI telja ennfremur að ákvæðin uppfylli ekki þarfir vinnumarkaðarins til lengri tíma litið enda verður skortur innan fjölmargra starfsgreina á komandi árum samkvæmt greiningu Vinnumálastofnunar frá árinu 2016.

Leggja Samtök iðnaðarins því til að dvalarleyfi sem veitt er á grundvelli 62. gr. geti orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis og að krafa um tveggja ára samfellda dvöl erlendis sem skilyrði fyrir endurnýjun atvinnuleyfis sé felld úr gildi.



III. Þörf á rýmri ákvæðum varðandi sérhæfða starfsmenn á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamnings.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á dvalarleyfi sem og atvinnuleyfi fyrir starfsmenn sem koma til landsins á grundvelli þjónustusamnings. Í 64. gr. og 10. tölul. 122. gr. eru lagðar til breytingar þar sem, auk þjónustusamnings, er heimilt að veita atvinnu- og dvalarleyfi á grundvelli samstarfssamnings um kennslu, fræði- og vísindastörf. SI fagna breytingunni en telja að þessu dvalarleyfi sé markaður of þröngur rammi þar sem einungis sé heimilt að veita dvalarleyfi til mest sex mánaða. Örlítil tilfærsla á verkefni sem kemur til vegna seinkunar eða ófyrirséðra atvika getur gert það að verkum að tímaáætlun fari úr skorðum. Í framkvæmd hefur þetta valdið atvinnurekendum vandkvæðum og því sanngirnismál að hafa tímarammann ekki of þröngan.

Leggja Samtök iðnaðarins til að lengd dvalarleyfis verði að lágmarki 9 mánuðir.

IV. Skilyrði dvalarleyfa á grundvelli hjúskapar eða sambúðar

Í 70. gr. frumvarpsins er að finna heimild Útlendingastofnunar til að veita einstaklingi dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar. Beiting ákvæðisins getur skipt miklu máli þegar til stendur að fá erlendan sérfræðing til landsins ásamt fjölskyldum þeirra.

Samtökin fagna því að gerð sé tillaga til að draga úr kröfum til tímalengdar sambúðar, úr tveimur árum í eitt ár, en telja þó að ganga megi lengra. Ennfremur furða samtökin sig á þeirri breytingu að gera ríkari kröfur til hjúskapar en núverandi lög gera ráð fyrir. Of íþyngjandi kröfur að þessu leyti geta haft neikvæð áhrif á markmið stjórnvalda að skapa hagstæðari aðstæður til að sækja erlenda sérfræðinga hingað til lands og auka þannig vaxtamöguleika atvinnulífsins og að sama skapi auka þekkingu og hæfni íslensks vinnuafsls.

Tillaga samtakanna er að krafan um lengd sambúðar og hjúskapar sé afnumin. Að hámarki sé gerð krafa um 6 mánaða sambúð.

V. Almenn skilyrði tímabundins atvinnuleyfis

Í núgildandi lögum nr. 97/2002 er krafa um að erlent starfsfólk fái laun og starfskjör til jafns við heimamenn. Þegar kjarasamningum er til að dreifa eigi að líta til þeirra en þegar svo er ekki þá þurfi að líta til markaðslauna, sbr. c-liður 1. mgr. 7. gr. laganna. Tilgangur þessa ákvæðis er m.a. að koma í veg fyrir svokölluð undirboð og að tryggt sé að laun erlends starfsfólks sé í samræmi við kjör innlendra starfsmanna.

Samtök iðnaðarins gera athugasemdir þann hluta ákvæðisins sem tekur til fyrra tilviksins, þ.e. þegar kjarasamningar eru fyrir hendi. Í slíkum tilvikum er ofaukið að notast jafnframt við hugtakið „til jafns við heimamenn“ enda getur það ekki hafa verið vilji löggjafans að markaðslaun eigi að gilda við slíkar aðstæður. Kjarasamningar eiga að marka tiltekin lágmarkskjör í landinu og því nægjanlegt að vísa til þeirra.

SI leggja því til að orðin "til jafns við heimamenn" í 1. másl. c-liðar 1. mgr. 7. gr. laganna falli brott.

VI. Sértæk skilyrði tímabundins atvinnuleyfis

Í d-lið 4. tölul. 122. gr. frumvarpsins er lagt til viðbótarskilyrði þegar framlengja á atvinnuleyfi þar sem Vinnumálastofnun er veitt heimild til að óska sérstaklega eftir því við viðkomandi fyrirtæki að það skýri frá því „hvort sérfræðiþekking útlendinga hefur nýst í því starfi sem hann var ráðinn til að gegna.“



Telja samtökin þetta óþarft og leggja til að þessi krafa verði felld út. Eðli málsins samkvæmt væri ekki verið að óska eftir áframhaldandi starfi viðkomandi sérfræðings ef þekking hans hefur ekki nýst í starfi.

Auk athugasemda við ákvæði frumvarpsins er gerð athugasemd við d-lið 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga þar sem skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis er að m.a. sé um sérfræðiþekkingu að ræða sem feli í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun sem er viðurkennd hér á landi. Í ákvæðinu virðist vera lögð ofuráhersla á að sérfræðiþekkingin felist í viðurkenndri menntun hér á landi. Telja samtökin Vinnumálastofnun þurfa skýrari lagaheimild til að meta reynslu og menntun sem ekki er orðin viðurkennd hér á landi. Er það mikilvægt í ljósi þess að ýmis þekking þróast erlendis sem ekki er orðin viðurkennd hérlandis og er oft á tíðum ástæða þess að sérfræðingurinn er fenginn til landsins. Þetta er jafnframt mikilvægt í ljósi þess að 60% af störfum framtíðarinnar eru óþekkt og því má búast við miklum breytingum á næstu misserum tengt menntamálum.

Samtökin leggja því til að orðalagi d-liðar 1. mgr. 8. gr. laganna verði breytt þannig að í stað „viðurkennd hér á landi“ komi „eftirsóknarverð er hér á landi eða víðtækri reynslu sem eftirspurn er eftir og skiptir máli fyrir þróun fyrirtækisins“

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á mikilvægi þess að markaður sé skýr og einfaldur rammi utan um atvinnu- og dvalarleyfi erlends starfsfólks og telja að fyrirliggjandi frumvarp sé stórt skref í þá átt. Samtökin fagna því fyrirliggjandi frumvarpi en óska eftir því að tekið sé tillit til framangreindra atriða við afgreiðslu þess.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Katrín D. Þorsteinsdóttir
forstöðumaður mannaúðs
og menntamála

Björg Á. Þórðardóttir
lögfræðingur SI

Elínros Línadal Ragnarsdóttir,
forstöðumaður hugverka-
og þjónustusviðs